

VIII. KAFLI
Fjármál og rekstur.

Almennt.

44. gr.

Skrifstofustjóri skal undir yfirumsjón yfirdýralæknis sjá um gerð fjárlagatillagna, framkvæmd fjárhagsáætlana og annað sem varðar fjárreiður stofnunarinnar, svo sem bókun og greiðslu reikninga vegna allra rekstrarþátta en þeir eru helstir:

1. Rekstur aðalskrifstofu ásamt starfsemi sérgreinadýralækna.
2. Rekstur rannsóknadeildar dýrasjúkdóma.
3. Rekstur héraðsdýralæknaembættanna.
4. Rekstur varnargirðinga.
5. Rekstur eftirlitssjóðs vegna kjötskoðunar.
6. Innheimta gjalda vegna gjaldskyldra eftirlitsstarfa.
7. Annast gerð tillagna um gjaldskrá samkvæmt eftirlitsáætlunum hvers árs.

Skrifstofustjóri skal einnig vinna önnur störf sem yfirdýralæknir felur honum á hverjum tíma.

Gjaldskrá.

45. gr.

Gjald sem nemur kostnaði skal innheimt fyrir eftirlit og skoðanir samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Gildistaka.

46. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og öðlast gildi 1. desember 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. nóvember 1999.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Bessastaðahreppi.

Hólmatún.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 16. nóvember 1999 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Hólmatúns í Bessastaðahreppi. Breytingin er í fölginn í því að þriggja íbúða raðhúsum á lóðum nr. 5-7-9, 6-8-10 og 11-13-15 er breytt í fjögurra íbúða raðhús.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skóla- og íþróttasvæði.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. nóvember 1999 deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis í Bessastaðahreppi sem afmarkast til norðurs og austurs af Suðurnesvegi

og íbúðabyggð við Vesturtún, Blátún og Skólatún og til suðurs og vesturs af miðsvæðisreit og Breiðumýri. Á svæðinu eru m.a. skólar, íþróttamiðstöð, íþróttavellir og framtíðaraðstaða skáta með skátaheimili. Gert er ráð fyrir stækkun Álftanesskóla og íþróttamiðstöðvar. Göngustígar eru að aðliggjandi hverfum. Gert er ráð fyrir færslu göngustígs milli Vesturtúns 40 og 42 í átt að húsi nr. 40.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Suðurtún.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. nóvember 1999 verulega breytingu á deiliskipulagi Suðurtúns á miðsvæðisreit í Bessastaðahreppi. Skipulagssvæðið afmarkast til austurs af opnu svæði meðfram Norðurnesvegi, til suðurs af íbúðasvæði á miðsvæðisreit, til vesturs af íbúðabyggð við Skólatún og til norðurs af Eyvindarstaðavegi. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 36 íbúðum í par- og raðhúsum í stað 24 par- og raðhúsa í gildandi deiliskipulagi miðsvæðisreits.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 25. nóvember 1999.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða, hlunninda og bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum, sbr. þó stafliði b til og með í hér á eftir, hækki um 3,5% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,035.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Mosfellsbæ, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi og Seltjarnarnesi) svo og matsverð sumarhúsa og sumarhúsalóða hækki um 18% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,18.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða á Akureyri hækki um 10% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,10.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli á Árskógsströnd, í Fellabæ og Nesjum í Hornafirði hækki um 15% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,15.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum stöðum hækki um 10%: Gerðahreppi, Vogum, Akranesi, Borgarnesi, Hellissandi, Rífi, Ólafsvík, Grundarfirði, Dalvík, Höfn, Vestmannaeyjum, Stokkseyri og Hveragerði. Verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,10.